

Orkugjöld og mælaleiga samkvæmt 3. og 4. gr. eru miðuð við húshitunartaxta Rafmagnsveitna ríkisins C. 1 eða samsvarandi taxa, en hann er nú 0,406 kr/kWh auk fastagjalds.

Heimilt er að breyta ofangreindum gjöldum í samræmi við þær breytingar sem verða á vísitölu byggingarkostnaðar eða á húshitunartaxta RARIK, enda séu breytingar staðfestar af iðnaðarráðuneytinu hverju sinni.

Miðað er við að kostnaður hitunar húsa með hitaveitu fari ekki fram úr kostnaði hitunar með rafmagni samkvæmt gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins hverju sinni.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem ákveðin er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. maí 1982 með tilvísun til auglýsingar nr. 221/1982 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Iðnaðarráðuneytið, 24. maí 1981.*

F. h. r.

**Páll Flygenring.**

*Guðrún Skúladóttir.*

## AUGLÝSING

**um breytingu á gjaldskrá Fjarhitunar Vestmannaeyja nr. 185 26. apríl 1979, með síðari breytingum.**

### II. KAFLI

3. gr. 1. málsg. orðist þannig:

Fyrir afnot heita vatnsins skal greiða samkvæmt vatnsmæli kr. 12,75 fyrir hvern rúm-metra vatns.

4. gr. 2. málsgrein orðist þannig:

Skal notkunargjaldið þá vera 0,27 kr/kWh. miðað við hitafall 40° C.

6. gr. orðist þannig:

Fjarhitun leigir vatnsmæla og annast viðhald þeirra.

Fastagjald fyrir mæli skal greitt jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotkun og skal vera á mánuði:

- |  |            |
|--|------------|
| a. fyrir mæla allt að $\frac{3}{4}$ " .....        | kr. 85,00  |
| b. fyrir mæla allt að 2" .....                     | kr. 170,00 |
| c. fyrir mæla allt að 3" .....                     | kr. 340,00 |
| d. fyrir varmamagnsmæla skal greiða tvöfalt gjald. |            |

### III. KAFLI.

8. gr. orðist þannig:

Fyrir öll hús, sem tengd eru fjarhituninni, skal greiða heimæðagjald, sem skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

Rúmmál húss  
(utanmál) m<sup>3</sup>

Heimæðargjald

Allt að 400 kr. 13 940,00.

400— 2 000 kr. 13 940,00 fyrir 400 m<sup>3</sup> + 11,10 kr/m<sup>3</sup> þar yfir.  
2 000— 6 000 kr. 31 700,00 fyrir 2 000 m<sup>3</sup> + 9,45 kr/m<sup>3</sup> þar yfir.  
6 000—10 000 kr. 69 500,00 fyrir 6 000 m<sup>3</sup> + 8,35 kr/m<sup>3</sup> þar yfir.  
meira en 10 000 kr. 102 900,00 fyrir 10 000 m<sup>3</sup> + 7,25 kr/m<sup>3</sup> þar yfir.

Heimæðagjöld greiðast ekki af bifreiðageymslum.

9. gr. orðist þannig:

Ef tengt er við fleiri mæla en einn í sama húsi, skal greiða aukalega fyrir hvern mæli umfram þann fyrsta.

a. fyrir mæli allt að  $\frac{3}{4}$ " ..... kr. 2 090,00  
b. fyrir mæli allt að  $1\frac{1}{2}$ " ..... kr. 4 180,00  
c. fyrir mæli allt að 3" ..... kr. 8 360,00

10. gr. orðist þannig:

Gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar 1015 stig.

13. gr. 3. málsg. orðist þannig:

Allan kostnað af lokun og opnun á ný greiðir sá er vanskilum veldur og er gjaldið kr. 170,00 fyrir hvert skipti.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem ákveðin er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. maí 1982 með tilvísun til auglýsingar nr. 221/1982 og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

*Iðnaðarráðuneytið, 24. maí 1982.*

F. h. r.

**Páll Flygenring.**

*Guðrún Skúladóttir.*

## GJALDSKRÁ

### Hitaveitu Eyra.

#### I. KAFLI

##### 1. gr.

Hitaveitan selur afnot af heitu vatni úr veitukerfum þeim sem gerð hafa verið og verða gerð eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari.

##### 2. gr.

Hitaveitan lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til fullrar hitunar enda séu ofnar hússins nægilega stórir, að dómi hitaveitunnar.